

loks inn í herbergi sitt; en þegar þar kom, var lögð þrekleg hönd á öxl hans. Honum varð í meira lagi bilt við, en sagði þó á frönsku: "Hvað viljið þér?"

"Yður", svaraði gesturinn á ensku. "Ég tek yður fastan, grunaðan um, að hafa átt þátt í Chicot-morðinu. Þér vitið alt um það. Þér voruð yfirheyrður og alt, sem þér segið nú, verður notað sem vitnisburður gegn yður. Það er bezt, að þér komið rólegur með mér".

"Ég skil yður ekki," sagði Desrolles á frönsku. "Ég er franskur maður."

"Jæja, eruð þér franskur. Þér hafið verið í þessu húsi í þrjár vikur sem Englendingur. Þér keyptuð farseðil í dag til Valparaíso. Ekkert rugl hra Desrolles. Komið þér rólegur með mér."

"Þér hafið líklega mann með yður?" spurði Desrolles.

Útlit Desrolles og svipur var á þessu augnabliki djöfullegur, verri en hins grimma dýrs.

"Auðvitað," sagði maðurinn rólegur. "Þér getið ef laust skilið það að ég er ekki svo heimskur að voga mér inn í slíka holu hjálparlaus. Aðstoðarmaður minn er í ganginum fyrir utan dyrnar og við höfum báðir skamm byssur. Enga hrekki nú," sagði spæjarinn, þegar Desrolles stakk hendinni í brjóstvasann. "Hættið þér þessu. Er það hnífur?"

Það var hnífur og voðalegur morðkuti líka. Desrolles hafði náð honum og hélt nú langa oddhvassa blaðinu tilbúnu áður en spæjarinn gat hindrað það, sem flaug nú á hann áður en hnífurinn gat sært hann og tók utan um Desrolles miðjan. Desrolles hamaðist eins og brjálaður maður.

Á yngri árum hafði Desrolles verið nafnkunnur kraftamaður, og þessa nótt, þegar reiðin og kviðinn gerðu hann frávíta og loguðu í honum, voru kraftar hans óskiljanlega miklir, svo hann virtist um stund